

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/37/02

frá 25. júlí 2000

um breytingu á ákvörðun 97/778/EB og til að uppfæra skrá um skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar fyrir dýraheilbrigðiseftirlit(*)

(tilkynnt með númeri C(2000) 2258)

(2000/501/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 6. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE ⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/43/EB ⁽³⁾, einkum 4. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/778/EB ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2000/126/EB ⁽⁵⁾, er skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar að því er varðar dýraheilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum.
- 2) Að beiðni franskra yfirvalda og í kjölfar skoðunar á vegum bandalagsins ber að bæta skoðunarstöð á Vatry-flugvelli við skrána.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMPÝKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi færslu er bætt við skrána yfir skoðunarstöðvar á landamærum fyrir Frakkland í viðaukanum við ákvörðun 97/778/EB:

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
|-------|---------|---|------|---|
| Vatry | 0215199 | A | HC-T | |

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júlí 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjútö. EB L 200, 8.8.2000, bls. 61, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2001 frá 11. desember 2001 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 13, 7.3.2002, bls. 3.

⁽¹⁾ Stjútö. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

⁽²⁾ Stjútö. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.

⁽³⁾ Stjútö. EB L 162, 1.7.1996, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjútö. EB L 315, 19.11.1997, bls. 15.

⁽⁵⁾ Stjútö. EB L 36, 11.2.2000, bls. 30.